



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚDARKVEDJA TIL FORSETA KÍNA**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Kína Hu Jintao samúdarkveðju vegna hinna hræðilegu hörmunga sem orðið hafa í kjölfar jarðskjálftanna í Kína. Atburðirnir hafi skapað öldu samúðar og stuðnings um allan heim. Hugur okkar sé með fjölskyldum og vinum þeirra sem létu lífið eða slösuðust alvarlega. Þess sé óskandi að komandi ár færi þeim á ný styrk og von.

Forseti Íslands vék einnig í kveðjunni að samræðum sínum við Hu Jintao í Shanghai á liðnu ári og í Beijing árið 2005 þar sem hann vakti athygli á rannsóknum Íslendinga á sviði jarðskjálfta og hinu öflugra viðvörðunarkerfi sem íslenskir vísindamenn og sérfræðingar hefðu þróað. Sú þekking væri framlag Íslendinga til annarra þjóða sem byggju við slíkar hættur.

Íslenska þjóðin hefði langa reynslu af jarðskjálftum og því hefðum við djúpan skilning á þeim hrikalegu afleiðingum sem þeir gætu haft í för með sér. Samúðarhugur Íslendinga væri með kínversku þjóðinni.

*13. maí 2008*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*